MARS 1979

JAFNRÉTTISNEFND
NESKAUPSTAÐAR.

# 2. Bréf

## Um vinnutíma

Hér á landi er lögbundin 40 stunda vinnuvika ; þrátt fyrir það byggist afkoma margra heimila á yfirgengilegri eftirvinnu. Slíkt þekkist ekki í nágrannalöndum okkar og er jafnvel bannað.

Hefur verkalýðshreyfingin brugðist ?
Hefur hinn almenni félagi brugðist ?
Er ekki áhugi á breytingu?




Er það dyggð að vinna mikið ?

Veistu að þú átt rétt á að vinna aðeins dagvinnu ?

Hvers vegna er vinnuálag svona mikið í Neskaupstað ?



Hvert skyldi hlutfallið vera milli :

krðfu atvinnulífsins/nauðsynlegs lífsviðurværis /gerviþarfa ?

Hefur mikið vinnuálag foreldra áhrif á persónumótun barna?

Hvað er fjölskyldulíf?

Hvernig lífi viljum við lifa?

Jafnréttisnefnd hvetur fjölskyldur til þess að setjast niður og svara þessum spurningum.

"Öll börn hafa þörf fyrir góð tengsl við foreldra sína <u>bæði</u> föður og móður.
Það þarf að gefa sér tíma til að skapa slík tengsl.

►► Hvaða tíma hafið þið ◄◄

| |
|---|
| Eruð þið búin að skipuleggja sumarfríið saman? |

Er e.t.v. samhengi milli tímaleysis foreldra og vansælu margra barna og unglinga?

Mundirðu skammast þín fyrir að sleppa eftirvinnunni eða helgarvinnunni ?

## Helgarvinna karla :




Ath. Spurt var um vinnu svarenda og maka þeirra

Var einhver að spyrja um tíma fyrir börnin ?